

# Namazizi Lea grunnskólinn í Chirambo í Malaví

Þegar Þróunarsamvinnustofnun Íslands hóf að byggja grunnskóla í Malaví (1998) kom upp sú hugmynd að koma á vinaskólasambandi milli Mýrarhúsaskóla og Namaziziskólans, en hann var fyrsti skólinn sem byggður var í Chirombo þorpinu við Apaflóa.

Namaziziskólinn hefur fengið góðan stuðning frá okkur og við hér í Mýrarhúsaskóla höfum á sama hátt fræðst um líf og starf grunnskólabarna í einu af fátækustu löndum heims.

Nemendur Mýrarhúsaskóla hafa nokkrum sinnum sent notað skóladót, reiðhjól og annað sem að gagni má koma í skólastarfi til Malaví.

Við erum þó stoltust af því að hafa haldið markaðsdaga þar sem seldir voru munir sem nemendur útbjuggu en þemað var Afríka. Fyrir ágóðann af þessum skemmtilegu dögum keyptum við á Netinu handbækur og kennslubækur sem sendar voru beint til Malaví. Namaziziskólinn hafði þá nýverið eignast bókasafn sem byggt var eins og skólinn fyrir þróunaraðstoð íslendinga en engar bækur voru til í safnið.

Við fylgjumst náið með Namaziziskólanum bæði með bréfaskriftum og með tölvupóstsambandi við starfsfólk ÞSSÍ í Malaví sem fer reglulega í heimsóknir í skólana. Í gegnum þessi nánú tengsl höfum við í Mýrarhúsaskóla stundum getað brugðist fljótt við beiðnum um ýmislegt smálegt sem ekki kostar mikið en getur skipt miklu máli fyrir skólastarfið. Við sendum síðastliðið haust átta veggklukkur til þess að hengja upp í skólastofunum og auðvelda þannig nemendum að læra á klukku.

Jakson Gumbala skólastjóri Namaziziskólans kom í boði ÞSSÍ til Íslands haustið 2004 til að heimsækja okkur og kynna sér menntamál á Íslandi. Nemendur og kennarar Namaziziskólans hafa sent okkur fallega handunna muni og þá hafa nemendur skólanna skipst á verkefnum.

Mýrarhúsa, Grunda og Lágafellsskóli unnu saman að söfun vegna hungursneyðar sem ríkti í Malaví haustið 2005. Þessi söfnun gekk ótrúlega vel og söfnuðu skólarnir þrír rúmri milljón króna á aðeins hálfum mánuði.

Peningunum var komið í hendur starfsfólks ÞSSÍ í Malaví og það ákveður hvernig best sé að verja þeim í þágu nemenda vinaskóla þessara þriggja skóla.

Mýrarhúsaskóli og Namaziziskólinn skiptast á bréfum og munum eftir nemendur nokkrum sinnum á ári og vonandi geta þessi tengsl haldið áfram um ókomna tíð, þar sem mikill áhugi nemenda og kennara á báðum stöðum er fyrir þessum samskiptum.

Vorið 2008 fóru þrjú kennarar Mýrarhúsaskóla í 10 daga heimsókn til Malví og kynntu sér starfið í Namazizi skólanum og nágrannabyggðum.